

Þróunarsjóður innflytjendamála

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Skynjað og spjallað- íslenska kennd í gegnum skynjunarleik: námskeið fyrir foreldra og börn úr hópi flóttafólks og umsækjenda um vernd.

Nafn styrkþega: Geta- Hjálparsamtök

Útdráttur: Markmið verkefnisins Skynjað og spjallað var að þróa og útfæra námskeið þar sem foreldrum með ung börn úr röðum flóttafólks og umsækjenda um vernd, eru kennd grunnatriði í íslensku í gegnum kennslu- og leikstundir sem örva skynjun og stuðla að vellíðan hjá bæði börnum og foreldrum. Verkefnið hlaut styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála árið 2023. Skynjað og spjallað var þróað sem nýstárleg lausn við skorti á aðgengilegu íslenskunámi fyrir flóttafólk og umsækjendur um vernd í Hafnarfirði. Þrátt fyrir þátttöku sveitarfélagsins í samræmdri móttöku flóttafólks síðan 2020, eru engin formleg íslenskunámskeið fyrir útlendinga í boði í Hafnarfirði. Einstæðir foreldrar með ung börn eiga sérstaklega erfitt með að sækja nám, bæði þar sem þau hafa ekki aðgang að barnapössun og þurfa að ferðast langar leiðir í strætó til annarra sveitarfélaga sem gerir reglulega þátttöku nánast ómögulega. Til að bregðast við þessu buðu GETA- hjálparsamtök upp á fjölskyldumiðað, heildrænt námsumhverfi sem sameinaði íslenskunám og skynörvandi leik fyrir börn. Þessi nálgun gerði foreldrum og börnum kleift að sækja tímana saman og koma þannig í veg fyrir hindranir vegna barnapössunar og stuðla að snemmtækri málörvun hjá allri fjölskyldunni. Markmið verkefnisins voru að:

- Efla íslenskukunnáttu foreldra til að styðja við lýðræðislega þátttöku og samfélagslega virkni.
- Bjóða upp á upplifun sem örvar skynjun og eykur þannig málþroska og tilfinningatengsl barna og foreldra.
- Auka sjálfsvirðingu og seiglu hjá bæði foreldrum og börnum.
- Skapa styðjandi og fjölskylduvænt námsumhverfi.
- Skapa staðbundinn valkost við námskeiðin í Reykjavík.

Verkefnið var unnið í samstarfi við Stoðdeild flóttafólks og umsækjenda um vernd hjá Félagspjónustunni í Hafnarfirði, en Bókasafn Hafnarfjarðar lagði til húsnæði, kaffiveitingar og aðgang að ljósritunarvél. Verkefnið fór fram frá nóvember 2024 til febrúar 2025 og samanstóð af tveimur námskeiðum, hvort um sig með 10 tímum. Þátttakendur voru öll skjólstaðingar Stoðdeildarinnar, einstæðir foreldrar úr hópi umsækjenda um vernd með

búsetu í Hafnarfirði. Fyrri námskeiðið var haldið tvisvar í viku, en það síðara sem var framhaldsnámskeið fyrir sama hóp var haldið einu sinni í viku. Allir tímarnir fóru fram í lokuðu rými á bókasafninu í Hafnarfirði. Leiðbeinendur voru tveir, annars vegar íslenskukennari og hins vegar leiðbeinandi með reynslu af skynjunarleikstundunum sem sá til þess að foreldrum og börnum liði vel og höfðu nóg fyrir stafni.